

3. júlí 2012

## Samantekt Fjármálaeftirlitsins um stöðu íslenskra lífeyrissjóða 2011

Fjármálaeftirlitið hefur birt yfirlit sitt yfir stöðu íslenskra lífeyrissjóða fyrir árið 2011. Það sýnir að lífeyriskerfið er öflugt en þó eru veikleikar til staðar. Til að styrkja stöðu lífeyrissjóðanna væri æskilegt að efla sjóðasöfnun og bæta áfallna stöðu lífeyrissjóða með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Draga mætti úr halla í lífeyriskerfinu með því að hækka iðgjöld, skerða réttindi eða hækka lífeyrisaldur. Benda má á að tekjutenging lífeyrisréttinda og almannatrygginga getur dregið úr vilja til lífeyrissparnaðar. Enn fremur takmarka gjaldeyrishöft fjárfestingamöguleika lífeyrissjóðanna.

### Lífeyrismarkaður

Eignir íslenskra lífeyrissjóða sem hlutfall af vergri landsframleiðslu voru í árslok 2011 um 137% og var hlutfallið þá orðið hið sama og það var fyrir fall bankanna. Heildar eignir lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar eru 2.230 milljarðar og þar með um þriðjungur af eign þeirra aðila sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Eignir lífeyrissjóða skiptast þannig að samtryggingadeildir lífeyrissjóða eiga 1.889 milljarða sem er um 85% af markaðnum. Séreignadeildir lífeyrissjóða eiga 209 milljarða og vörsluaðilar aðrir en lífeyrissjóðir 132 milljarða.

Miklar sveiflur hafa verið í ávöxtun lífeyrissjóðanna og þar sker árið 2008 sig úr en það ár var ávöxtun neikvæð sem nam 22% eftir góða ávöxtun árin 2003 til 2006. Undanfarin fimm ár hefur ávöxtun lífeyrissjóðanna ekki náð ávöxtunarviðmiði sjóðanna sem er 3,5% raunávöxtun. Þegar skipting fjárfestinga hjá samtryggingadeildum lífeyrissjóða í árslok 2008 og 2011 er borin saman vekur athygli hve mikil aukning hefur orðið í verðbréfum ríkis og sveitarfélaga en hlutfallið hefur farið úr 26% í 48% á þremur árum. Samhliða því hafa gengisbundnar eignir lækkað úr 29% í rúm 23%.

Fjármálaeftirlitið hefur frá árinu 2008 lagt aukna áherslu á áhættustýringu lífeyrissjóða og gefið út, í góðu samstarfi við Landssamtök lífeyrissjóða, leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu samtryggingardeilda. Sambærileg tilmæli fyrir vörsluaðila séreignarsparnaðar eru komin í umræðuferli. Nýjar og endurbættar reglur um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða munu brátt verða gefnar út.

## Fimm stærstu lífeyrissjóðirnir

Sé litið á fimm stærstu lífeyrissjóðina sem eru Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Gildi lífeyrissjóður, Stapi lífeyrissjóður og Sameinaði lífeyrissjóðurinn, má sjá að hrein eign þeirra nam 1.221 milljörðum króna í árslok 2011 og var hlutfall þeirra af heildar lífeyrismarkaði 54,79%.

Rekstrarkostnaður allra íslenskra lífeyrissjóða sem hlutfall af iðgjöldum var að meðaltali 4,32% og sem hlutfall af hreinni eign var kostnaðurinn við rekstur þeirra 0,24%. Meðaltals raunávöxtun þeirra var 2,5% á síðasta ári en meðalávöxtun þeirra síðustu fimm ára er neikvæð eða -3,7%. Ávöxtunin er því enn undir ávöxtunarviðmiði og fimm ára meðalávöxtun er ekki viðunandi og helgast það af árinu 2008 sem var afar slæmt.

## Tryggingafræðileg staða

Sé litið almennt á tryggingafræðilega stöðu íslenskra lífeyrissjóða 2011 er tryggingafræðileg staða sjóða með ábyrgð launagreiðenda, sem eru ríki eða sveitarfélög, slík að almennt hefur safnast upp mikill halli sem lendir þá á ábyrgðaraðilanum. Sjóðirnir eru mjög misjafnir að stærð og eru eignir hlutfallslega litlar í þeim sjóðum sem hafa hæstu neikvæðu stöðuna en það eru Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar og Eftirlaunasjóður Útvegsbanka Íslands. Tryggingafræðileg staða sjóða sem njóta ekki ábyrgðar launagreiðenda hefur batnað smám saman frá árinu 2008 en ástæðan fyrir því er skerðingar á lífeyrisréttindum. Ef mismunur á eignum og skuldbindingum sjóðanna er meiri en 15% er sjóðunum gert að skerða eða auka réttindi eftir því sem við á. Einungis þrjú sjóðir eru með jákvæða stöðu. Sjóðir án ábyrgðar launagreiðenda hafa frá bankahruni skert réttindi sjóðfélaga um að minnsta kosti 130 milljarða króna.

## Alþjóðlegur samanburður

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er stórt í alþjóðlegum samanburði. Sé horft til Evrópu er einungis Holland stærra. Á eftir Íslandi kemur svo Sviss, Bretland, Finnland, Danmörk og Írland. Þátttaka í lífeyrissjóðum sem hlutfall af fólki á vinnualdri er einnig mikil héraendis eða 85,5% sé horft til skylduaðildar og 42% nýta sér séreignasparnað. Er þetta með því hæsta sem gerist í Evrópu.

Skipting lífeyrisgreiðslna á Íslandi árið 2011 var sú að 78.395 milljónir eða 50% komu frá lífeyrissjóðum en 56.292 milljónir eða 36% komu frá Tryggingastofnun. Útgreiðsla séreignasparnaðar samkvæmt bráðabirgðaákvæði var 20.925 milljónir eða 14%. Lífeyrisgreiðslur hins opinbera, þ.e. almannatryggingar, sem hlutfall af vergri landsframléiðslu, samkv. samantekt OECD, er minni á Íslandi en í öðrum Evrópulöndum. Nam hún 4% árið 2010. Hlutfallið var næst lægst í Sviss en þar var það yfir 6%.